

Samskeytalaus iðnaðargólf - tæknilýsingarblað

Efnislýsing:

ULTRA 2000 er tveggja þátta leysi-efnalaust fjölliðuefni sem samanstendur af glærum grunni og lituðu epoxí bindiefni. ULTRA 2000 er lagt um það bil 2 mm þykkt og er ákjósanlegt á staði þar sem vatns-, efna og umferðarálag er mikið. Til þess að ná góðum árangri þarf unirlag að vera slétt og gott.

Kostir:


Helstu kostir ULTRA 2000 gólfefnisins eru, að fljótlegt er að leggja það og hægt að leggja það í húlkíl sem auðveldar þrif. ULTRA 2000 getur haft upphleypta áferð sem gerir efnið hálkúfrítt. ULTRA 2000 er lagt samskeytalaust þ.e.a.s hefur samfellt yfirborð sem auðvelt er að þrifa. ULTRA 2000 er leysiefnalaust og því ekki mengandi fyrir matvæli né umhverfið hvorki við lögn eða eftir á.

Notkunarsvið:

Helsta notkunarsvið ULTRA 2000 eru t.d. gólf í matvælaíðnaði svo sem í fisk- og kjötvinnslum þar sem álag er í meðallagi, verlanir, lagerhúsnæði og verkstæði. Hægt er að fá ULTRA 2000 í nokkrum staðallitum,

Eiginleikar:

Þrýstipól: 77 N/mm²
Beygjupól: 36 N/mm²
Togþolsstyrkur meiri en steypu
Hitapól: 60°C með álagi
Algerlega raka og vatnspétt.
Efnapól: Mjög gott



Vinnslutími:

- ◆ Tími við lögn: 2 dagar
- ◆ Gönguhæft: 18-20 klst/20°C
- ◆ Lyftaraumferð: 48 klst/20°C
- ◆ Fullharðnað 7 dagar/20°C

Vinnsluferli:

Steinsteypa þarf að vera minnst 28 daga gömul frá lagningu, undirlag sé með a.m.k. 25N/mm brotstyrk að öðrum kosti þarf að styrkja yfirborðið með epoxý bindiefni, hlutfallsraki sé minni en 80% í yfirborði undirlags og að lofthiti sé yfir 18°C á meðan lögn fer fram.

Lagning ULTRA 2000 skal eingöngu framkvæmd af sérþjálfuðum lagningarmönnum.

Umhirða:

Endingartími gólfefnis getur meðal annars byggst á reglulegum þrifum og góðri umhirðu. Gólfefnið skal þrifið með réttum efnum til að fjarlægja m.a. Dekkjaför og önnur illþrifanleg óhreinindi. Gólfefni í matvælaíðnaði er almennt nægjanlegt að þrifa með 50°C heitu vatni og hreinsiefnum skv. Þrifaplani frá framleiðanda hreinlætisvara. Nýtt gólfefni getur í sumum tilfellum verið kjörið tækifæri til að bæta umgengni á vinnustað.